



Deildarfundur hjá Norðurþingi

Húsavík, 06.11.2018

Mættir: Tíu félagsmenn mættir ásamt varamanni í stjórn og framkvæmdastjóra LSS (sjá undirskriftalista).

1. Formaður LSS setur þriðja fund hringferðar stjórnar kl. 18.30. Anton Berg Carrasco reifar tilgang ferðarinnar og fór yfir dagskrána.
2. **Kynning LSS.** Hermann fjallar um LSS, kynnir sig fór yfir starfsemi og sjóði félagsins.
3. **Nefnd um jöfnun atkvæðavægis.** Anton Berg Carrasco, formaður vinnuhóps um atkvæðavægi og er jafnframt varamaður í stjórn LSS, fór yfir tilurð þessarar nefndar og og kynnti niðurstöður hennar. Umræður:
 - a. **Atkvæði formanns.** Bent var á að það væri kannski eðlilegra að atkvæði féllu á jöfnu. Það myndi þýða að stjórn/ formaður félagsins þyrfti að útfæra tillögurnar betur þannig að breið samstaða næðist um málið.
 - b. **Samstarfs og sameining deilda.** Spurt var hvort deildirnar gætu sameinast eða starfað ákveðnum málum. ABC svaraði því til að landshlutafultrúinn væri samnefndari fyrir deildirnar á svæðinu sem væru undir 1% en það væri ekkert því til fyrirstöðu að þær störfuðu náið saman, jafnvel þótt að félagsmenn gengu sitthvoran kjarasamninginn. Lagabreytingarnar gerðu ráð fyrir því að það væri einn vinnuveitandi á bak við hverja deild fyrir sig.
4. **Komandi kjaramál.** Framkvæmdastjóri LSS útskýrir hvernig við höfum verið að vinna kjaramálin. Erum með ráðgjafa í kjaramálum, nýtum okkur þjónustu BSRB í enn meiri mæli og eigum nú fulltrúa í réttindanefnd BSRB. Fór yfir áherslur BSRB. Helstu áherslur eru launahækkningar í krónutölum, styttingu vinnuviku vaktavinnufólks, snemmtöku lífeyris vaktavinnufólks, jöfnun launa á milli almenna og opinbera markaðsins, og launaþróunartryggingar. Varðandi launaliðinn þá bíðum við eftir niðurstöðum VR og Eflingu.

a. **Umræða með laun stjórnenda.** Almenn skoðun að bilið er of lítið. Einn fulltrúi sagði að stjórnendur færu úr félaginu ef ekki næðist að semja almennilega um kjör þeirra. Formaður LSS var sammála um að laga þyrfti launabilið á milli stjórnenda og almennra starfsmanna. Hugsanlega væri hægt að gera það í gegnum lagfæringar á tengitöflu.

b. **Laun hlutastarfandi.** Sama vinna – sömu laun. Hlutastarfandi náðu ekki viðunandi árangri í síðustu samningnum. Hlutastarfandi samningar sjúkraflutningamanna 2016 þarf að laga. Það þarf að bæta laun þeirra meira í næstu kjarasamningum og leiðréttá skekkjuna sem myndaðist þá. Taka þarf ríkissamninginn og jafna við hlutastarfandi samninginn.

c. **Bakvaktir hlutastarfandi slökkviliðsmanna.** Skoða þarf bakvaktarkafli kjarasamninga ríkis og sveitarfélaga til endurskoðunar. Sérstaklega þarf að skoða nýútgefna reglugerð um starfssemi slökkviliða þar sem tekið er fram að slökkviliðsmönnum sé skylt að mæta í útköll samkvæmt ákveðnu skipulagi.



Má láta líkur að því að um sé að ræða bakvaktarskyldu og ber sveitarfélaginu að greiða samkvæmt því. Passa að útfæra þessar hugmyndir ekki of mikið og veita afslátt af greiðslum sem geta orðið fordæmisgefandi fyrir viðsemjendur okkar um launakjör. Mikilvægt að standa saman að sameiginlegum markmiðum varðandi þetta. Fundur er hjá Mannvirkjastofnun um túlkun þessara laga fimmtudaginn 7. nóvember og þar verður LSS ásamt fulltrúum samstarfnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga til að fara yfir þessa reglugerð. Kafllinn sem stendur okkur næst er 15. grein þeirra laga.

d. Vettvangsliðar og sjálfboðaliðar í útköllum. Búið er skera mannskapinn mikið niður hjá sumum slökkviliðum að ástandið er orðið þannig að þeir treysta á björgunarsveitirnar til að hjálpa til í útköllum. Þeir eru að ganga í störf annarra og eru ótryggðir á vettvangi. Þetta þarf að passa. Vettvangsliðar á Kópaskeri ganga vel og eru þeir hluti af slökkviliðinu. Vettvangsliðar eru á Mývatni og eru hluti af björgunarsveitinni. Vettvangsliðar á Mývatni á vegum slökkviliðs eru með tilbúið viðbragð en hafa ekki verið kallaðir út og tengist það pólitík hjá HSN á Húsavík.

Sérmál LSS

Framkvæmdastjóri fór yfir sérmál LSS.

- Tryggingakafllinn verður endurskoðaður, vilji til að setja hann inn í kjarasamninginn, skoðað verður sérstaklega að reyna útvíkka trygginguna vegna aukinnar tíðni krabbameina. Við viljum fá krabbamein viðurkennt sem atvinnusjúk.
- Vaktavinnukafllinn í kjarasamningnum er óskýr. Upplýst um að óreglulegar vaktir og vaktaálagið sé á leiðinni fyrir Félagsdóm.
- Þrekpróf þarf að útfæra betur. Rekstraraðilar hafa svigrúm til að útfæra prófið sjálf en þurfa samþykki Mannvirkjastofnunar. Varpað var upp hugmyndinni hvort þetta ætti heima í kjarasamningi. Tryggja þarf að þrekálag haldist inni.
- Orlofstímabil. Áköllun eftir því að tímabilin verði endurskoðuð. Það að skoða útfærsluna með starfstöðvunum. Þarf að gera minni kröfur yfir orlofstímann eða koma upp ásættanlegu fyrirkomulagi fyrir alla.

Óskað er eftir því að deildin haldi kröfufund og listi upp þær áherslur sem þau vilja sjá í næstu kjarasamningnum.

ABC þakkar fyrir góða áheyrn og málefnalegar umræður.

Fundi slitið kl. 20:50

Fundargerð ritaði framkvæmdastjóri LSS